

Ársreikningur 2018



Akraneskaupstaður

Eignasjóður

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda	3-4
Skýrsla og áritun stjórnenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8-9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11-17
Rekstraryfirlit viðfangsefna	18

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Eignarsjóðs Akraneskaupstaðar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu fyrirtækisins 31. desember 2018, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð fyrirtækinu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi fyrirtækisins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi fyrirtækisins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi fyrirtækisins.

Eignasjóður

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, 17. apríl 2019.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnenda

Eignasjóður er A hluta stofnun sem hefur með höndum umsýslu fastafjármuna sem nýttir eru fyrst og fremst af Aðalsjóði sveitarfélagsins. Eignasjóður annast framkvæmdir, nýbyggingar, rekstur fasteigna og annarra mannvirkja fyrir hönd Akraneskaupstaðar.

Rekstrartekjur sjóðsins á árinu námu 766,6 millj. kr. og rekstarafgangur ársins 42,9 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins í árslok 3.575,3 millj. kr. og heildarskuldir 2.985,2 millj. kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 590,1 millj. kr.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi Eignasjóðs.

Ársreikningur Eignasjóðs Akraneskaupstaðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu Eignasjóðs á árinu 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Bæjarráð Akraness hefur í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 og staðfestir hann með undirritun sinni. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, 4. apríl 2019.

Bæjarráð:

Kísa Lára Arnardóttir.
Ólafur Dörfur
Valgerður Guðmundsdóttir

Bæjarstjóri:

Steinn Freyr Krainska

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2018 Áætlun	2017
Rekstrartekjur:				
Húsaleiga		41.886.243	38.356.000	37.441.949
Innri leiga		674.630.653	689.140.317	668.796.266
Gatnagerðargjöld		12.624.665	30.955.000	17.246.160
Aðrar tekjur		37.442.542	43.452.000	43.331.475
	2	<u>766.584.103</u>	<u>801.903.317</u>	<u>766.815.850</u>
Rekstrargjöld:				
Launagjöld án lífeyrisskuldbindinga	3	76.430.598	92.126.754	69.668.354
Lífeyrisskuldbinding	11	6.388.213	5.215.000	5.048.397
Rekstrarkostnaður	4	374.242.777	362.332.056	326.098.697
Afskriftir	6	144.860.805	139.503.404	143.207.712
	2	<u>601.922.393</u>	<u>599.177.214</u>	<u>544.023.160</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		164.661.710	202.726.103	222.792.690
Fjármagnsliðir:				
Vaxtatekjur		12.759		
Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur	2,5	(192.621.117)	(188.428.000)	(153.026.706)
	2	<u>(192.608.358)</u>	<u>(188.428.000)</u>	<u>(153.026.706)</u>
(Tap) Hagnaður fyrir aðra liði		(27.946.648)	14.298.103	69.765.984
Aðrir liðir:				
Söluhagnaður eigna		70.817.121	0	0
		<u>70.817.121</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrarafkoma, jákvæð	1,2 15	<u>42.870.473</u>	<u>14.298.103</u>	<u>69.765.984</u>

Efnahagsreikningur

Eignir:		Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir, lóðir og lendur			2.474.404.306	2.378.403.518
Bifreiðar			22.133.027	27.297.330
Áhöld og tæki			88.360.667	91.282.722
Götuljósakerfi			48.454.198	51.555.943
Gatnakerfi			602.950.920	615.948.549
Fastafjármunir	6-8		<u>3.236.303.118</u>	<u>3.164.488.062</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	9		<u>339.050.917</u>	<u>19.095.100</u>
Eignir samtals	1,2		<u>3.575.354.035</u>	<u>3.183.583.162</u>

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir:

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé:			
Eigið fé	10	<u>590.142.851</u>	<u>463.681.498</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbindingar	11	<u>60.612.208</u>	<u>55.440.537</u>
Aðrar skuldbindingar	12,14		
Langtímaskuldir:			
Lánasjóður sveitarfélaga		1.214.151.919	945.803.257
Íslandsbanki hf.		4.811.926	24.059.744
Aðrar fjármálastofnanir		45.336.151	55.663.042
Fasteignafélag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		51.172.395	66.553.365
Orkuveita Reykjavíkur sf.		80.456.758	116.885.062
Aðalsjóður		<u>1.465.896.936</u>	<u>1.203.904.760</u>
		2.861.826.085	2.412.869.230
Næsta árs afborgun		<u>(288.772.482)</u>	<u>(265.480.664)</u>
Langtímaskuldir	13	<u>2.573.053.603</u>	<u>2.147.388.566</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindinga		1.116.000	940.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda		288.772.482	265.480.664
Áfallnir vextir langtímaskulda		19.122.953	18.590.314
Áfallnir vextir innri langtímaskulda		162.871	133.767
Skammtímaskuldir, Aðalsjóður		28.786.973	212.892.869
Aðrar skammtímaskuldir		<u>13.584.094</u>	<u>19.034.947</u>
		<u>351.545.373</u>	<u>517.072.561</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals	2	<u>2.985.211.184</u>	<u>2.719.901.664</u>
Eigið fé og skuldir samtals	1,2	<u>3.575.354.035</u>	<u>3.183.583.162</u>

Skýringar

Reikningsskilin:

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

2. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Húsaleigutekjur og aðrar þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þau afnot og þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið í efnahagsreikningi, s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða rekstrargjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum tekjum er tengjast viðkomandi verkefni.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Eignasjóður

Skýringar, frh.:

e. Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Eignfærðar jarðeignir eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

	Árafjöldi
Fasteignir	25 og 40
Bifreiðar	7
Áhöld og tæki.....	5-7
Götuljósakerfi	25
Gatnakerfi.....	25

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sjóðsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

g. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

h. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Eignasjóðs er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

i. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar í efnahagsreikningi meðal skammtímaskulda.

j. Fjárhagsáætlun og sundurliðanir ársreiknings

Fjárhagsáætlun Eignasjóðs fyrir árið 2018 er hluti ársreikningins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 15.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

Eignasjóður

Skýringar, frh.:

Launagjöld:

3. Á árinu störfuðu hjá Eignasjóði sjö starfsmenn sem skiluðu um 6,3 ársverkum. Launagjöld greinast þannig:

	2018	2018 Áætlun	2017
Föst laun	50.925.785	60.398.381	43.648.608
Yfirvinna	12.383.276	15.880.691	12.753.235
Launatengd gjöld	<u>13.121.537</u>	<u>15.847.682</u>	<u>13.266.511</u>
	76.430.598	92.126.754	69.668.354
Lífeyrisskuldbinding og eftirlaun	<u>6.388.213</u>	<u>5.215.000</u>	<u>5.048.397</u>
	<u>82.818.811</u>	<u>97.341.754</u>	<u>74.716.751</u>

Rekstrargjöld:

4. Tegundir rekstrargjalda greinast þannig:

Vörukaup og viðhaldsvörur	22.516.249	23.160.400	16.856.425
Prentun, fjarskipti og auglýsingar	436.795	339.000	972.670
Starfsmanna- og leigubifreiðar	2.276.346	1.950.000	2.063.013
Ferða- og móttökukostnaður	2.537.201	209.056	477.319
Sérfræðipjónusta	5.747.271	1.870.000	3.015.066
Ýmis aðkeypt þjónusta	44.972.688	23.263.000	27.778.522
Leigugreiðslur	151.514.946	146.562.000	141.167.868
Orkukaup	5.665.338	5.774.000	5.811.822
Mannvirkjagerð og viðhald	63.550.381	87.085.600	64.270.767
Annar starfsmannakostnaður	764.086	638.000	838.976
Vátryggingar og opinber gjöld	71.850.361	71.481.000	68.593.547
Niðurfærsla og afskriftir	<u>2.411.115</u>		<u>(5.747.298)</u>
	<u>374.242.777</u>	<u>362.332.056</u>	<u>326.098.697</u>

Fjármagnsliðir:

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur eigin fyrirtækja	<u>12.759</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
------------------------------------	---------------	----------	----------

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	57.715.576	60.050.000	57.318.155
Vaxtagjöld eigin fyrirtækja	49.632.139	63.574.000	51.815.595
Verðbætur	46.269.512	32.178.000	21.342.670
Verðbætur eigin fyrirtækja	39.003.890	32.626.000	21.505.386
Gengismunur			1.044.900
	<u>192.621.117</u>	<u>188.428.000</u>	<u>153.026.706</u>

Fjármagnsliðir samtals	<u>192.608.358</u>	<u>188.428.000</u>	<u>153.026.706</u>
------------------------	--------------------	--------------------	--------------------

Eignasjóður

Skýringar, frh.:

Varanlegir rekstrarfjármunir:

6. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar og vinnuvélar	Innréttingar, áhöld og tæki	Götuljósa- kerfi
Heildarverð í ársbyrjun	4.548.558.284	77.880.168	212.347.178	195.490.267
Afskrifað í ársbyrjun	(2.165.436.952)	(50.582.838)	(125.782.270)	(143.934.324)
Bókfært verð í ársbyrjun	2.383.121.332	27.297.330	86.564.908	51.555.943
Viðbót á árinu	287.015.410	(1.292.467)	21.166.657	
Endurmat leigulóða	83.590.880			
Selt/fært út á árinu	(197.704.416)			
Afskrifað á árinu	(81.618.900)	(3.871.836)	(19.370.898)	(3.101.745)
Bókfært verð í árslok	2.474.404.306	22.133.027	88.360.667	48.454.198
Heildarverð samtals	4.721.460.158	76.587.701	233.513.835	195.490.267
Afskrifað samtals	(2.247.055.852)	(54.454.674)	(145.153.168)	(147.036.069)
Bókfært verð í árslok	2.474.404.306	22.133.027	88.360.667	48.454.198
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	15-20%	8-20%	4%
			Gatnakerfi	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun			912.101.877	5.946.377.774
Afskrifað í ársbyrjun			(296.153.328)	(2.781.889.712)
Bókfært verð í ársbyrjun			615.948.549	3.164.488.062
Viðbót á árinu			23.899.797	330.789.397
Endurmat leigulóða				83.590.880
Selt/fært út á árinu				(197.704.416)
Afskrifað á árinu			(36.897.426)	(144.860.805)
Bókfært verð í árslok			602.950.920	3.236.303.118
Heildarverð samtals			936.001.674	6.163.053.635
Afskrifað samtals			(333.050.754)	(2.926.750.517)
Bókfært verð í árslok			602.950.920	3.236.303.118
Afskriftarhlutföll			4-6%	3.236.303.118

Fjárfesting

7. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2018 greinast þannig:

	Fjárfesting ársins	Fjárfesting áætlun
<i>Fasteignir og lóðir</i>		
Skólahúsnæði	23.679.077	20.000.000
Íþróttamannvirki	119.711.343	110.602.000
Leiguíbúðir	23.575.793	22.580.000
Annað þjónustuhúsnæði	3.935.321	5.000.000
Lóðaframkvæmdir	116.113.876	182.750.000
	<u>287.015.410</u>	<u>340.932.000</u>
<i>Aðrar eignir</i>		
Gatnagerðargjöld	(169.758.848)	(94.800.000)
Götur og gangstígar	193.658.645	152.206.000
Innréttingar, tæki og búnaður	19.874.190	21.600.000
	<u>43.773.987</u>	<u>79.006.000</u>
Fjárfesting samtals	<u>330.789.397</u>	<u>419.938.000</u>

Eignasjóður

Skýringar, frh.:

Fasteignamat og vátryggingaverð

8. Bókfært verð, vátryggingarmat og flatarmál fasteigna í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð	Flatarmál m ²
Grunnskólar	1.336.600.000	3.424.450.000	460.676.103	10.526
Leikskólar	247.070.000	608.200.000	143.904.092	1.939
Framhaldsskólar	238.854.000	611.536.000	35.009.503	5.414
Íþróttamannvirki	784.960.000	1.866.810.000	426.352.034	7.555
Aðrar þjónustubyggingar	783.065.000	1.866.650.000	308.822.193	7.468
Leiguíbúðir	1.294.250.000	2.536.440.000	69.213.326	1.914
Lóðaframkvæmdir og leigulóðir			1.030.427.055	
	<u>4.684.799.000</u>	<u>10.914.086.000</u>	<u>2.474.404.306</u>	<u>34.816</u>

Skammtímaerfingur:

9. Niðurfærsla skammtímaerfinga greinist þannig:	31.12.2018
Niðurfærsla í ársbyrjun	800.000
Afskrifaðar kröfur	(38.000)
Hækkun niðurfærslu ársins	<u>2.338.000</u>
	<u>3.100.000</u>

Eigið fé:

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:	31.12.2018
Eigið fé í ársbyrjun	463.681.498
Endurmat leigulóða	83.590.880
Rekstrarafkoma ársins, jákvæð	<u>42.870.473</u>
	<u>590.142.851</u>

Skuldbindingar:

11. Á Eignasjóði hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sjóðsins, sem eiga aðild að Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á mati tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð 1 millj. kr. er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Skuldbindingin er færð til skuldar í efnahagsreikningi sem langtímaskuld. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

	31.12.2018
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	56.380.537
Greiddur lífeyrir	(1.040.542)
Hækkun áfallinnar skuldbindingar	<u>6.388.213</u>
	61.728.208
Áætluð næsta árs greiðsla	<u>(1.116.000)</u>
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>60.612.208</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2019-2023	12.700.000
Árin 2024-2028	15.900.000
Árin 2029-2033	12.900.000
Síðar	<u>20.228.208</u>
	<u>61.728.208</u>

Eignasjóður

Skýringar frh.:

12. Kaupsamningar og verksamningar:

Í árslok eru í gildi verk- og þjónustusamningar sem hafa í för með sér skuldbindingu fyrir sjóðinn á næsta ári, en útgjöld vegna þeirra eru gjaldfærð þegar þau falla til.

Langtímaskuldir:

13. Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggt lán Aðalsjóður	Verðtryggð og óverðtr. lán	Samtals
Langtímaskuldir í ársbyrjun	1.203.904.759	1.208.964.471	2.412.869.230
Tekin ný lán	280.000.000	372.000.000	652.000.000
Afborganir ársins	(57.011.714)	(231.024.240)	(288.035.954)
Verðbætur og gengismunur	39.003.891	45.988.918	84.992.809
Langtímaskuldir samtals	1.465.896.936	1.395.929.149	2.861.826.085
Næsta árs afborganir	(68.837.043)	(219.935.439)	(288.772.482)
	<u>1.397.059.893</u>	<u>1.175.993.710</u>	<u>2.573.053.603</u>

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum og vaxtakjörum í árslok 2018.

Skuldir í íslenskum krónum, vextir 0-6,47%	1.395.929.149
Skuldir í íslenskum krónum - Aðalsjóður, vextir 4%	<u>1.465.896.936</u>
	2.861.826.085
Næsta árs afborganir	<u>(288.772.482)</u>
	<u>2.573.053.603</u>

Samkvæmt lánasamningum greinast afborganir langtímaskulda þannig á næstu ár:

	Verðtryggt lán Aðalsjóður	Verðtryggð og óverðtr. lán	Samtals
Árið 2019	68.837.043	219.935.439	288.772.482
Árið 2020	71.590.524	221.413.465	293.003.989
Árið 2021	74.454.145	186.349.926	260.804.071
Árið 2022	77.432.310	159.289.796	236.722.106
Árið 2023	80.529.604	162.991.170	243.520.774
Síðar	1.093.053.310	445.949.353	1.539.002.663
	<u>1.465.896.936</u>	<u>1.395.929.149</u>	<u>2.861.826.085</u>

Önnur mál:

14. Framkvæmdasamningar:

Í árslok voru gildandi fimm framkvæmdasamningar um framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, s.s. frístundarhús, fimleikahús, gatnagerð o.fl. Óhafnar framkvæmdir í árslok skv. framangreindum samningum námu um 828 millj. kr. og eru áætluð verklok allra samninganna á árinu 2019.

Rekstur viðfangsefna árið 2018

	Sameiginlegir liðir	Gatnakerfi leigulíðir	Götuljósa-kerfi	Skóla-húsnæði	Íþróttamannvirki	Aðrar fasteignir	Bifreiðar og vélar	Áhöld og tækni	Samtals	Ætíun
Rekstrartekjur:										
Húsaleiga		86.408.760	13.853.904	285.830.313	140.179.368	41.886.243	9.531.576	8.824.597	41.886.243	38.356.000
Innri leiga		12.624.665				133.144.359			677.772.877	692.282.537
Gatnagerðargjöld									12.624.665	30.955.000
Innri þjónusta	37.834.516								37.834.516	50.132.000
Aðrar tekjur	4.161.274			240.000		138.205			4.539.479	320.000
	41.995.790	99.033.425	13.853.904	286.070.313	140.179.368	175.168.807	9.531.576	8.824.597	774.657.780	812.045.537
Rekstrargjöld:										
Laun og launatengd gjöld	82.818.811								82.818.811	97.341.754
Vörku kaup og viðhaldsvörur	1.475.966		6.654.716		8.680.035	5.705.532			22.516.249	23.160.400
Prentun, fjarskipti og auglýsingar	215.436		1.901			219.458			436.795	339.000
Starfsmanna- og leigubifreiðar	2.226.146		3.062		7.087	40.051			2.276.346	1.950.000
Ferða- og móttökukostnaður	2.537.201								2.537.201	209.056
Sérfræðisjónusta	2.118.961		512.293		1.037.268	2.078.749			5.747.271	1.870.000
Ymis aðkeypt þjónusta	20.949.680		18.892.759		1.465.252	8.569.716	26.734		49.904.141	30.263.000
Leigugreiðslur	3.384.696		65.034.799		53.568.000	32.669.675			154.657.170	149.704.220
Orku kaup	1.167.144					4.498.194			5.665.338	5.774.000
Mannvirkjagerð og viðhald	3.398.330		20.132.699		26.784.869	13.234.483			63.550.381	87.085.600
Annar starfsmannakostnaður	764.086								764.086	638.000
Vátryggingar og opinber gjöld	666.488		30.423.591		14.373.382	26.386.900			71.850.361	71.481.000
Niðurfærsla og afskriftir	2.411.115								2.411.115	
	124.134.060	0	141.655.820	105.915.893	105.915.893	93.402.758	26.734	0	465.135.265	469.816.030
Rekstrarrhagnaður (Rekstrartap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði.....	(82.138.270)	99.033.425	13.853.904	144.414.493	34.263.475	81.766.049	9.504.842	8.824.597	309.522.515	342.229.507
Afskriftir		41.147.576	3.101.745	38.529.138	20.573.229	18.266.383	3.871.836	19.370.898	144.860.805	139.503.404
Rekstrarrhagnaður (Rekstrartap) fyrir fjármagnsliði	(82.138.270)	57.885.849	10.752.159	105.885.355	13.690.246	63.499.666	5.633.006	(10.546.301)	164.661.710	202.726.103
Fjármagnsliðir:										
Vaxtagjöld	(192.608.358)	0	0	0	0	0	0	0	(192.608.358)	(188.428.000)
	(192.608.358)	0	0	0	0	0	0	0	(192.608.358)	(188.428.000)
Hagnaður (Tap) fyrir aðra liði	(274.746.628)	57.885.849	10.752.159	105.885.355	13.690.246	63.499.666	5.633.006	(10.546.301)	(27.946.648)	14.298.103
Aðrir liðir:										
Söluhagnaður eigna	0	0	0	0	0	70.817.121	0	0	70.817.121	0
Hagnaður (Tap) ársins	(274.746.628)	57.885.849	10.752.159	105.885.355	13.690.246	134.316.787	5.633.006	(10.546.301)	42.870.473	14.298.103